

## Kaplakriki

**104. fundur** vinnuhóps/byggingarnefndar um uppbyggingu FH svæðis í Kaplakrika var haldinn mánudaginn 21. janúar 2013, kl. 08.07 á skrifstofu Fasteignafélags Hafnarfjarðar að Norðurhelli 2 Hafnarfirði..

Mætt voru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir	MGM	Formaður
Árni Stefán Jónsson	ÁSt.	Stjórn Framkvæmdaráðs
Sigurður Þorvarðason	SP	Stjórn Framkvæmdaráðs
Kristjana Aradóttir	KA	FH
Viðar Halldórsson	VH	FH
Ingvar S. Jónsson	IJ	Íþróttafulltrúi
Erlendur Árni Hjálmarsson	EÁH	Fasteignafélaginu
Sigurður Páll Harðarson	SPH	Umhverfi og framkvæmdir
Birgir Jóhannsson	BJ	FH

Margrét Gauja Magnúsdóttir boðaði veikindaforföll.

**1: Fundargerð síðasta fundar þ.e. nr. 103 hefur verið send fundarmönnum engar athugasemdi bærust og telst hún samþykkt.**

**2: Frjálsíþróttahús- Kaplakrika- Staða framkvæmda.**

EÁH fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir við útboðsverkið „Lokun húss áfangi 4“

Búið er að setja upp trapisupplötur, einangrun, setja undirpappa og verið að setja yfirpappa, lokið við 2300 m<sup>2</sup>, búið að festa 4200 m<sup>2</sup> af heild.

Þá er lokið við þakrennur með niðurfallsstútum, glerpanela, glugga og verið að setja í hurðir.

Þá má geta þess að stálvirkið hefur verið endurmálað og hreinsað á þeim flötum sem snúa að stálvirki eða glerpanel.

Samkvæmt verksamningi á verkinu að vera lokið fyrir 22. maí 2013 en verktaki áætlað verklok í lok febrúar 2013 fer þó eftir veðri.

### **3: Frjálsíþróttahús – Gólf.**

Gólf Frjálsíþróttahúss er steyppt að hluta, eftir er að steypa 2200 m<sup>2</sup>. Inni í þessu verklið er einnig, jöfnun undir botnplötu, einangrun, steypumót fyrir gryfjur og bendnet.

Samkvæmt framkvæmdaráætlun er gert ráð fyrir fjármagni í þennan verklið er skiptist á tvö ár.

Byggingarnefnd samþykkir að hafin verði vinna við undirbúnings útboðs á þessum verkþætti og er stefnt að útboði í haust.

SP spurðist fyrir um erindsbréf byggingarnefndar.

ÁSt úrskurðaði sem formaður að umræða um þetta verði tekin undir liðnum Önnur mál.

### **4: FH framkvæmdir.**

VH formaður FH gerði grein fyrir s.k. FH framkvæmdum, en samþykkt var í framkvæmdaráði að Fimleikafélaginu væri heimilt að framkvæma tiltekna verkliði í samráði við verkefnisstjóra verksins og í samræmi við útboðsgögn.

Þau verk sem FH hefur látið gera er frágangur við útisvæði við Fjölnotasal, fylling og jöfnun jarðvegns á milli Frjálsíþróttahúss og Félagsaðstöðu, útbúinn akfær stígur inná knattspyrnuvöll við Fjölnotasal.

Framkvæmdir framundan hjá FH eru að ganga frá svæði sem var undir vinnubúðum verktaka.

Umræða var um mikilvægi þess að fullgera þakfrágang, í því fellst að setja mól og hellur á þak - lyftingarsalar og tengigangs – fjölnotasalar – félagsaðstöðu.

FH mun kanna möguleika þess að félagið fullgeri þessa verkliði.

Umræða varð um aðstöðu fyrir hreyfihamlaða í stúku knattspyrnuvallar.

Fyrir liggur hönnun á yfirbyggðu svæði/skýli á þaki félagsaðstöðu. Til að þessi aðstaða sé fullgerð þarf einnig að fullgera svæði frá lyftu að skýlinu.

Þá þarf einnig að setja vindbrjót og hurð við lyftu.

FH mun fullgera hellulögn og tilheyrandi á því svæði sem þarf til að hægt sé að ljúka við aðstöðu fyrir hreyfihamlaða.

Umhverfi og framkvæmdir athugar hvort hægt sé að fá fjármagn í aðra hluti sem Vantar svo aðstaða hreyfihamlaðra verði fullgerð.

### **5: Önnur mál**

SP spurðist fyrri, með vísan í erindsbréf byggingarnefndar, hvort nefndinn hafi heimild til að taka önnur mál til umfjöllunar en getið er um í erindisbréfinu.

ÁSt gerði grein fyrir því að það sé hans túlkun á málum í Kaplakrika að hafi verið lagt til fjármagn í ákveðin mál sé það verk byggingarnefndar að ljúka málinu.

VH gerði grein fyrir bréfi aðalstjórnar FH til bæjarstjóra þar sem Fimleikafélagið óskar eftir viðræðum við Hafnarfjarðabæ um lúkningu framkvæmda í Kaplakrika”

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 09.00

Næsti fundur verður mánudaginn 18. febrúar kl. 08.07 að Norðurhelli 2.

Hafnarfirði 21. janúar 2013.

\_\_\_\_\_  
Margrét Gauja Magnúsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigurður Þorvarðarson

\_\_\_\_\_  
Kristjana Aradóttir

\_\_\_\_\_  
Árni Stefán Jónsson

\_\_\_\_\_  
Viðar Haldórsson

\_\_\_\_\_  
Ingvar S. Jónsson

\_\_\_\_\_  
Erlendur Árni Hjálmarsson

\_\_\_\_\_  
Birgir Jóhannsson

FH vinnuhópur.